

Fundargerð

253. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Miðvikudaginn 23. maí 2018 kl. 12¹⁵ – 13⁴⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG) (fjarverandi)
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) vm (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Plastumbúðir
- (3) Hjólbarðar
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (252. fundar).

Samþykkt

2. Plastumbúðir

GS fór yfir og lagði fram minnisblað frá ráðstefnu um plastúrgang sem haldin var í Amsterdam 14.-15. mars 2018.


ÓK fór yfir að „Pakki“ ESB (CEP, Circular economy package) um hringrænt hagkerfi er á lokametrunum auk þess sem umræða er hafin um Evrópureglur sem eru í undirbúningi um hvernig hægt verði að draga úr áhrifum ákveðinna plastvara (ekki bara umbúðir) á umhverfið.

3. Hjólbarðar

Á síðasta fundi var lagt var fram erindi með ósk um hækkun endurgjalds vegna ráðstöfunar hjólbarða. ÓK fór yfir að erindið er í raun tvíþætt. Annars vegar að núverandi endurgjald Úrvinnslusjóðs fyrir ráðstöfun í Álfsnesi sé of lágt og hins vegar ósk um hærra endurgjald vegna endurvinnslu hjólbarða.

Lögð var fram tillaga um að hækka núverandi endurgjald fyrir endurnýtingu hjólbarða í takt við breytingu á byggingarvísitölu eins og rætt var um á síðasta fundi. Einnig var til umræðu hvort búa eigi til tímabundið nýjan ráðstöfunarflokk og endurgjald fyrir endurvinnslu hjólbarða. Stjórn stefnir að því að taka endanlega ákvörðun um fyrirkomulag þessar mál fyrir árslok 2018.

Stjórn samþykkir að hækka endurgjald fyrir tættu hjólbarða er fara til ráðstöfunar í Álfsnesi úr 42 kr/kg í 50 kr/kg frá og með 1.júní 2018.



Stjórn samþykkir tímabundið til ársloka 2018, 58 kr/kg endurgjald fyrir hjólbarða er fara til endurvinnslu hjá viðkenndum ráðstöfunaraðila.

4. Önnur mál

Lögð var fram á fundinum ósk frá UAR um að Úrvinnslusjóður tilnefni fulltrúa í samráðsvettvang um aðgerðaráætlun í plastmálefnum. Hlutverk hans verður að koma með tillögur um hvernig dregið verði úr notkun plasts og hvernig bæta megi endurvinnslu þess og takast á við plasmengun í hafi. ÓK upplýsti að Guðlaugur Sverrisson verði fulltrúi Úrvinnslusjóðs.

Næsti fundur ákveðinn 5. júní 2018.

Fundi slitið kl. 13.45

*Kaó Ólafur
H. Jónsson
Guðlaugur Sverrisson
Bryndis Gunnlaugsd.
Bryndis Gunnlaugsd.*